

**Sp.**

**111. Fyrirspurnir.**

[81. mál]

I. Til fjármálaráðherra um innheimtu á stóreignaskatti.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

- a. Hve mikið hefur verið innheimt á árinu 1964 af stóreignaskatti, sem á var lagður samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957?
- b. Hve mikið er eftir óinnheimt af skattinum?
- c. Hvenær er gert ráð fyrir, að innheimtu hans ljúki?

II. Til ríkisstjórnarinnar um Aflatryggingasjóð.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve mikið fé hefur verið greitt úr Aflatryggingasjóði á undanförunum fjórum árum: a) í heild, b) úr hverri einstakri deild sjóðsins?
2. Hver er eign Aflatryggingasjóðs nú og hvevrar einstakrar deildar?
3. Hverjar eru áætlaðar árstekjur hvevrar deildar um sig?

III. Til samgöngumálaráðherra um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina til Vestur- og Norðurlands.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Hvað liður framkvæmd þingsályktunar frá 30. maí 1958 um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarháa til Vestur- og Norðurlands?